

Fundurinn var haldinn í Klettaskóla

Mættir voru:

Erla skólastjóri, Hrefna Pedersen fulltrúi fagfólks í Klettaskóla (Anna Birna og Sölvi Már voru veik)

Nemendurnir 2 í skólaráðinu eru ekki á þessum fundi

Pórir Jónsson Hraundal (foreldri), Ágúst Kristmanns (foreldri) og Sæmundur Ólafsson (foreldri, )Kolfinna (þjónustumiðstöð Miðborgar- og Hlíða)

Sérstakur gestur á fundinum var Guðlaug Sturlaugsdóttir, nýr skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu SFS

#### 1. Auglýsing um stöðu skólastjóra – Guðlaug Sturlaugsdóttir fylgdi málinu úr hlaði

Erla Gunnarsdóttir hefur sagt upp stöðu sinni sem skólastjóri frá og með 1. janúar 2016. Fulltrúar í skólaráði voru beðnir um að koma með óskir um hvað þeir vildu að fram kæmi í auglýsingu um skólastjórastöðuna. Mikilvægt að fá viðbrögð skólaráðsins fram nú en ef eitthvað kemur í hugann til viðbótar þá á að senda það í tölvupósti til Guðlaugar Allir voru sammála um að hafa kröfu um sérkennslunám/sérkennslureynslu. Rétt þykir að fram komi að frístund er starfrækt fyrir nemendur skólans.. Auglýsingin verður birt um næstu helgi og þarf að senda hana á blöðin n.k. fimmtudagsmorgun. Umsóknarfrestur er til 8. nóvember og gengið verður frá ráðningu í stöðuna 25. nóvember.

#### 2. Skólaárið 2015-2016

Í skólanum eru 122 nemendur og þar af eru 5 nemendur í þátttökubekk Árbæjarskóla og 1 nemandi með aðsetur til að byrja með í Hamraskóla, og er því samstarfsverkefni okkar og Hamraskóla. Spurt var um þátttökubekkin, hvernig gangi þar, kynjahlutfall og aldur nemenda. 116 nemendur eru því fast hér í Suðurhlíðinni. Við þurftum að grípa til mikilla breytinga og tilfærslu í skólahúsinu til að koma öllum nemendum fyrir. Við gátum ekki lengur hýst Tónstofu Valgerðar. Allar breytingar tókust mjög vel.

Við höfum hingað til tekið inn alla nemendur sem sótt hafa um og uppfyllt inntökuviðmið Klettaskóla. Það þarf að skoða hve marga nemendur skólahúsnæðið rúmar. Ef sú staða kemur upp að fleiri nemendur sem uppfylla inntökuviðmið sækja um en húsið rúmar þá þarf að vera til ákveðið verklag um hvernig á að forgangsraða nemendum, það þarf að setja reglur um það eins og t.d. er gert í einhverfudeildunum. Klettaskóli er fyrir þá nemendur sem eru með sértækustu fatlanirnar. Fá í gang vinnu á SFS um þetta, þ.e. nemendafjölda og forgagnsröðun.

Þróunarstarf

- 12 starfsmenn skólans fóru í september í námsferð í sérskóla til Danmerkur og Svíþjóðar. Það var afar lærdómsríkt og gagnlegt. Ferðin var fjármögnuð með Eramsmus-styrk. Það komust á góð sambönd við þessa sérskólana sem voru skoðaðir.
- iPadinnleiðing er í fullum gangi. Starfsfólkið er framarlega í að tileinka sér faglega notkun iPadana.
- Verið er að þróa kennslu nemenda í að nota augnstýrðan búnað til að stýra tölvu með. Það er annað árið í því þróunarstarfi með nemendum sem hafa litla hreyfigetu. Það gengur vel.
- Sérkennslutorgið (<http://serkennslutorg.is/>) er hluti af ráðgjöf Klettaskóla. Þar er miðlað ýmsum upplýsingum um kennslu nemenda með sérþarfir og sýnd dæmi um kennslugögn og kennsluaðferðir.
- Sótt hefur verið um skólaþróunarstyrki til tveggja verkefna : Til að þróa málkennslufnið Lubba, aðlaga notkunina nemendum Klettaskóla og innleiða það á yngsta stigi og að einhverju leyti á miðstigi og til að þróa notkun CAT kassans en efni hans er notað í lífsleikni, kennslu um tilfinningar, hegðun og sjálfsmynd. Ekki ljóst hvort við fáum styrkina fyrr en eftir áramót. Vinna verður lögð í verkefnin hvort sem styrkur fæst eða ekki en hægt að gera miklu meira ef styrkir fást.
- Svanhildur Svavarsdóttir einhverfu- og TEACCH sérfræðingur verður með fyrirlestur fyrir starfsfólk Klettaskóla nú á næstunni

### 3. Byggingarmál skólans

Jarðvegsvinnu er lokið. Ístak er komið til starfa og allt virðist ganga samkvæmt áætlun. Framkvæmdir hafa gengið betur en við þorðum að vona og sáralítill truflun. Vonandi hægt að synda í lauginni eftir 2 ár!

### 4. Aksturinn

Meira öryggi er í bílunum. Auðveldara er nú fyrir skólann að fá akstur í hinar ýmsu ferðir og skýr svör um það sem er mjög jákvætt. Varðandi hópferðir frá skólanum (t.d. í sund) koma stundum nokkrir bílar þegar einn er nóg. Tölvukerfið hjá strætó virðist ekki alltaf alveg að virka. Komutímar rúttanna eru ekki komnir í lag. Fundað er með Strætó og er vilji til að laga það sem aflaga fer.

Strætófundurinn með foreldrum verður 22. október kl. 19:30 og er Ágúst foreldri búinn að boða til fundarins. Fundurinn er einnig fyrir foreldra Brúarskóla. Fundurinn verður á miðrými unglíngastígs Klettaskóla.

### 5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundarritari: Guðrún Gunnarsdóttir aðstoðarskólalastjóri Klettaskóla